

Hver eru áhrif losunar á umhverfið?

Gert er ráð fyrir greinargerð

Framleiðsla malbiks fylgir losun út í umhverfið og ber þá helst að nefna útblástur vegna framleiðslunnar. Helstu þættir í útblæstri sem fylgst er með eru ryk, Kolmónoxíð (CO), Köfnunarefni (NO₂). Nánari upplýsingar má nálgast í viðhengi um mengunarmælingar 2019.

Við flutning og geymslu hráefna getur orðið rykmengun. Notaðir eru dúkar við flutninga á vörubílum.

Frá starfseminni er hávaði en hann mælist mestur næst stöðinni.

Lyktarmengun getur verið á lóð stöðvarinnar, þá sérstaklega þegar malbik er sett á bíla, og við flutning malbiks. Dregið er úr lyktinni með yfirbreiðslu.

Til þess að draga úr mengun ef upp kemur leki eru viðbragðsáætlanir og búnaður til þess að bregðast við ef efni leka. Ef bikleki verður er hægt að þrifa hann upp þegar bikið hefur náð að kólna og endurnýta það. Reynt er að velja færanlegum starfsstöðvum staðsetningu m.t.t. íbúa og iðnaðar á hverju svæði fyrir sig.

Lítillsháttar fínefni verður til við framleiðslu á malbiki, u.þ.b. 1,5% af framleiðslu, reynt er að endurnýta það eins og kostur er í framleiðslu fyrirtækisins eða koma því í endurvinnslufasa hjá öðrum. Malbik og bik getur fallið til ef upp koma vandamál í framleiðslu og býr fyrirtækið yfir búnaði til þess að endurnýta það allt aftur innan fyrirtækisins.

Aðferðir til að draga úr mengun valda ekki mengun annarsstaðar. Losunarþættir viðkomandi reksturs hafa ekki í för með sér sammögnunaráhrif.